



**Leiðbeinandi tilmæli
nr. 1/2004**

**Þátttaka viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja í atvinnustarfsemi og starfsheimildir
þeirra skv. 20. - 22. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálaþyrirtæki.**

Ekki í gildi

2. júní 2004

I. Inngangur

Fjármálaeftirlitið setur hér með leiðbeinandi tilmæli um heimildir viðskiptabanka, sparisjóða og láanafyrirtækja til þátttöku í atvinnustarfsemi. Tilmæli eftirlitsins eru sett með heimild í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Kveðið er á um starfsheimildir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja í 20. – 23. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Í 20. gr. er kveðið á um hefðbundnar starfsheimildir þessara aðila, en auk þess er þeim heimilt að sinna annarri þjónustustarfsemi, skv. 1. mgr. 21. gr. laganna, hliðarstarfsemi skv. 2. mgr. sömu greinar eða tímabundinni starfsemi skv. 22. gr. laganna, en undir síðast nefnda ákvæðið fellur atvinnuþáttaka í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila (fjárfestingabankastarfsemi/umbreytinga-fjárfesting). Í 23. gr. laganna er ennfremur kveðið á um heimild til þess að sinna vátryggingastarfsemi. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 161/2002 eru ítarlegar skýringar á ákvæðunum, auk þess sem þau byggja að flestu leyti á eldri lögum. Ákvæðin og skýringar með þeim eru hins vegar engan veginn tæmandi, enda bera ákvæðin með sér að mörk starfsleyfisskyldrar starfsemi þessara fyrirtækja eru matskennd og þurfa að koma til skoðunar í hverju tilviki.

Þótt viðskiptabanka, sparisjóði og lánafyrirtæki sé heimilt að stunda alla þá starfsemi sem kveðið er á um í 20.-23. gr. laga nr. 161/2002, eru einstakir þættir þeirra heimilda ekki alltaf samþýðanlegir innbyrðis, vegna ólíkra hagsmuna sem í þeim felast. Tilmælum þessum er ætlað að styrkja framkvæmd gildandi lagaákvæða um þátttöku viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja í atvinnustarfsemi, stuðla að viðunandi áhættustýringu og aðskilnaði ólíkra hagsmuna jafnframt því að treysta innra eftirlit með framangreindu.

Tilmælin taka á eftirfarandi atriðum:

1. Flokkun á starfsheimildum og þátttöku í atvinnustarfsemi, skv. 21. og 22. gr. laga nr. 161/2002.
2. Undirbúningi ákvörðunar um þátttöku í atvinnustarfsemi.
3. Verkferlum, eftirliti og upplýsingagjöf til stjórnar og Fjármálaeftirlitsins.

Skýringar eru skáletraðar við hverja málsgrein.

Í umræðuskjali nr. 11/2003, þar sem birt voru drög að tilmælum þessum, fylgdu viðaukar þar sem til nánari skýringar var gerð grein fyrir gildandi lögum um starfsheimildir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja og aðskilnaði hagsmuna í fjármálafyrirtæki vegna ólíkra starfsheimilda. Nálgastr má viðauka þessa á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins undir framangreindu umræðuskjali. Eyðublöð vegna upplýsingaskyldu skv. 4. gr. tilmælanna, er jafnframt að finna á heimasíðu eftirlitsins undir *skýrsluskil*.

II. Efni leiðbeinandi tilmæla um þátttöku í atvinnustarfsemi og starfsheimildir viðskiptabanka, sparisjóða og láanafyrirtækja skv. 21. og 22. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

1. Flokkun á starfsemi skv. 21. og 22. gr. laga nr. 161/2002.

1. Áður en ráðist er í starfsemi sem ekki fellur undir hefðbundnar starfsheimildir skv. 20. gr. laganna verður að taka afstöðu til þess hvort hún teljist til:
 - a. annarrar þjónustustarfsemi skv. 1. mgr. 21. gr.,

Til þess að starfsemi geti talist þjónustustarfsemi verður hún að vera í eðlilegum tengslum við starfsheimildir fyrirtækis skv. 20. gr. laganna. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að starfsemin geti þróast með eðlilegum hætti. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 161/2003, er í dæmaskyni nefnt að þjónusta sem veitt er til þess að auðvelda aðgang að fjármálaþjónustu geti fallið undir þetta ákvæði, t.d. að bjóða frian netaðgang en hins vegar félli utan ákvæðisins þátttaka í rekstri netfyrirtækja.
 - b. hliðarstarfsemi skv. 2. mgr. 21. gr.,

Starfsemi verður að vera í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækis til þess að geta talist hliðarstarfsemi. Ákvæðið tekur fyrst og fremst til starfsemi sem ekki telst fjármálaþjónusta en verður engu síður að vera samþýðanleg þjónusta fyrirtækis. Starfsleyfisskyld starfsemi getur aldrei talist hliðarstarfsemi fyrirtækis sem ekki hefur fengið starfsleyfi til hennar. Undir hliðarstarfsemi getur fallið starfsemi sem sinnt er innan viðkomandi félags, t.d. milliganga um váttryggingaviðskipti, eignarhlutur í fyrirtæki eða önnur þátttaka í atvinnustarfsemi, t.d. með þátttöku í stjórn fyrirtækis. Alltaf er þó gerð krafa um að starfsemin sé í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu viðkomandi fyrirtækis.
 - c. tímabundinnar starfsemi í þeim tilgangi að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaáðila skv. 1. mgr. 22. gr.,

Með þessu er átt við umbreytingarfjárfestingu/fjárfestingarbankastarfsemi, sem felst í því að kaupa hluti í fyrirtækjum í því skyni að sameina annarri starfsemi, skrá viðkomandi félag og selja almenningi.
 - d. tímabundinnar starfsemi eða yfirtöku eigna í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að tryggja fullnustu eigna skv. 1. og 2. mgr. 22. gr.

Með þessu er átt við starfsemi/eignir vegna viðskiptamanna sem lent hafa í erfiðleikum og atbeina viðskiptabanka/sparisjóðs/lánafyrirtækis er þörf til að bæta úr.

Mikilvægt er að fyrirtæki geri sér fyrirfram grein fyrir undir hvaða heimildir starfsemin fellur. Hér undir á bæði ákvörðun um starfsemi innan viðkomandi félags og starfsemi í öðru fyrirtæki, þ.á m. kaup á eignarhlut í atvinnufyrirtæki, þátttaka í stofnun sliks fyrirtækis eða þátttaka í stjórn þess. Við mat á þessu skal m.a. horft til eðlis starfseminnar, áforma um eignarhald og til þess hvort eignarhlutur muni flokkast undir veltubók eða fjárfestingarbók. Ekki er þó hægt að setja fram tæmandi skilgreiningu því um matskennd mörk á milli framangreindra heimilda er óhjákvæmilega að ræða.

2. Við ákvörðun skv. 1. mgr. þessa kafla skal horft til þess hvort starfsemin veitir viðskiptabankanum, sparisjóðnum eða lánafyrirtækinu áhrif eða hvort um þátttöku án áhrifa er að ræða og til áforma um starfsemina. Við matið skal horft til hugsanlegra áhrifa við val á stjórn þess fyrirtækis sem í hlut á. Taka skal með sameiginleg áhrif viðskiptabanka, sparisjóðs eða lánafyrirtækis og samstarfsaðila.

Við mat á því hvort um þátttöku í atvinnustarfsemi er að ræða, ber m.a. að horfa til stærðar eignarhluta, áhrifa og til þess hvernig eignarhlutir í viðkomandi fyrirtæki dreifast á aðra hluthafa. Mjög veigalítil hlutdeild í starfsemi telst falla utan þessara ákvæða. Slik þátttaka myndi falla undir almennar starfsheimildir viðkomandi fyrirtækis, t.d. 7. tölul. 20. gr. laganna, um viðskipti fyrir eigin reikning með fjármálagerninga. Ef atvinnufyrirtæki telst hlutdeildarfyrirtæki má ætla að um þátttöku í atvinnustarfsemi sé að ræða. Minni eignarhluti myndi í mörgum tilvikum einnig falla hér undir ef hann gefur færi á stjórnarþátttöku. Skiptir þar máli hvort ætlunin er að beita atkvæðisrétti. Til sérstakrar athugunar skal koma öll þátttaka í atvinnustarfsemi sem samsvarar 5% atkvæðisrétti eða meira, eða gefur rétt til áhrifa sem samsvarar rétti til að tilnefna stjórnarmann. Ef um er að ræða eignarhlut í fyrirtæki þarf að

greina á milli hvort slíkur eignarhlutur fellur undir 2. mgr. 21. gr. eða 1. mgr. 22. gr. Séu áformin í þeim tilgangi að endurskipuleggja starfsemi og um tímabundið verkefni er að ræða, er eðlilegast að fella hana undir 2. mgr. 22. gr., þó hún kynni hugsanlega að rúmast undir 2. mgr. 21. gr.

Mikilvægt er að horfa til sameiginlegra áhrifa viðskiptabanka/sparisjóðs/lánafyrirtækis og samstarfsaðila. Með samstarfsaðila er m.a. átt við þá aðila sem eru í nánnum tengslum við viðskiptabanka, sparisjóð eða lánafyrirtæki í skilningi 18. gr. laga nr. 161/2002. Ennfremur er átt við aðila sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki hefur komið að fjármögnun með vegna þeirrar þátttöku í atvinnustarfsemi sem um ræðir en eingöngu þó ef viðskiptabankinn, sparisjóðurinn eða lánafyrirtækið hefur einnig sjálft fjárfest í viðkomandi fyrirtæki. Þá er átt við aðila sem með öðrum hætti, formlega eða óformlega, eru í samstarfi við viðskiptabanka/sparisjóð/lánafyrirtæki vegna þeirrar starfsemi sem um ræðir. Undir samstarfsaðila geta m.a. fallið stórir eigendur í viðskiptabanka/sparisjóði/lánafyrirtæki.

2. Undirbúningur ákvörðunar um þátttöku í atvinnustarfsemi

3. Áður en ráðist er í þátttöku í atvinnustarfsemi skv. 21. (önnur þjónustustarfsemi/hliðarstarfsemi) og 22. gr. (tímabundin starfsemi) laga nr. 161/2002 skal taka formlega afstöðu til eftirfarandi atriða:
 - a. Hvort starfsemin feli í sér einhvers konar hættu á hagsmunaárekstrum. Þar á meðal skal hugað að því að ákvæðum laga um þagnarskyldu sé fylgt í tengslum við starfsemina.
 - b. Hvort starfsemin feli í sér einhvers konar áhættu sem gerir starfsemi viðkomandi fyrirtækis flóknari, dragi úr yfirsýn og áhættustýringu eða torveldi eftirlit með hlutaðeigandi viðskiptabanka/sparisjóði/lánafyrirtæki.
 - c. Hvort starfsemin krefjist þekkingar og reynslu sem er óskyld þekkingu og reynslu af fjármálastarfsemi.
4. Áður en ráðist er í starfsemi skv. 22. gr. (tímabundin starfsemi) skal viðskiptabanki/sparisjóður/lánafyrirtæki auk framangreinds gera áætlun um verkefnið. Meðal annars skal gera grein fyrir markmiðum verkefnis, hversu langan tíma áætlað er að það taki og hvernig eigi að ljúka því (útganga). Þetta ákvæði á þó ekki við um yfirtöku eigna skv. 2. mgr. 22. gr. annarra en eignarhluta í félögum.

Nauðsynlegt er að þessi áætlun sé skrifleg.

3. Verkferlar, eftirlit og upplýsingagjöf um starfsemi til stjórnar og Fjármálaeftirlitsins

5. Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum ber að sjá til þess að fyrir hendi séu verkferlar og fullnægjandi innra eftirlit og áhættustýring til þess að tryggja nauðsynlegan aðskilnað hagsmuna við framkvæmd gildandi lagaákvæða um þátttöku í atvinnustarfsemi.

Stjórnendur þurfa á hverjum tíma að hafa yfirsýn yfir starfsemi viðkomandi fyrirtækis og undir hvaða lagaákvæði tilteknir þættir starfseminnar falla.
6. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki skulu hálfárslega senda Fjármálaeftirlitinu yfirlit yfir starfsemi undangengis tímabils skv. 2. mgr. 21. og 22. gr. laga nr. 161/2002. Skýrsluskil skal miða við 31. desember og 30. júní ár hvert, og skal skila yfirlitinu innan 30 daga. Jafnframt skal kynna yfirlitið í stjórn fyrirtækisins.

Yfirliti þessu er ætlað að treysta innra eftirlit með þessari starfsemi og um leið styrkja eftirlit Fjármálaeftirlitsins Eyðublöð vegna þessa er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins undir: www.fme.is/fme.nsf/form/eydublod.html.

7. Á yfirliti skv. 6. tl. tilmælanna skal gera grein fyrir þátttöku í atvinnustarfsemi sem samsvarar 5% atkvæðisrétti eða meira, eða gefur rétt til að tilnefna stjórnarmann. Taka skal með sameiginleg áhrif viðskiptabanka/sparisjóðs/lánafyrirtækis og samstarfsaðila. Telji viðskiptabanki/sparisjóður/lánafyrirtæki að tiltekin starfsemi falli ekki undir 2. mgr. 21. og 22. gr. skal það rökstutt. Ekki skal gera grein fyrir yfirtöku eigna skv. 2. mgr. 22. gr. annarra en eignarhluta í félögum, né heldur þjónustustarfsemi skv. 1. mgr. 21. gr.
Sama skilgreining og í 2. tl. tilmælanna. Gert er ráð fyrir að á yfirlitinu verði gerð grein fyrir allri starfsemi sem er yfir ofangreindum mörkum og flokkað undir 2. mgr. 21. og 22. gr. eftir því sem við á, en rökstyðja ef svo er ekki.
8. Á yfirlitinu skal flokka starfsemina eftir því undir hvaða starfsheimildir hún fellur. Ef um eignarhlut í atvinnufyrirtæki er að ræða skal gera grein fyrir stærð hans. Ef um tímabundna starfsemi er að ræða skal gera grein fyrir því hversu langan tíma henni er ætlað að vara og hversu lengi hún hefur varað. Jafnframt skal gera grein fyrir því hvort viðskiptabanki/sparisjóður/lánafyrirtæki eigi fulltrúa í stjórn félags.
9. Hafi þátttaka í atvinnustarfsemi sem fellur undir 22. gr. (tímabundin starfsemi) staðið lengur en 18 mánuði skal gera grein fyrir ástæðum þess og áætlaðri útgöngu.
Ekki er grundvöllur til þess að fastákveða hámarkstímalengd fjárfestingar skv. 22. gr. Nauðsynlegt er hins vegar að skapa aðhald í tengslum við upplýsingagjöf til eftirlitsins. Miðað er við að skýra þurfi alla starfsemi sem tekur lengri tíma en 18 mánuði.
10. Upplýsingagjöf samkvæmt þessum kafla fullnægir ekki tilkynningaskyldu skv. 2. mgr. 21. og 22. gr.
Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu fyrirfram um fyrirhugaða hliðarstarfsemi og tímabundna starfsemi. Mikill misbrestur er á að þessari upplýsingaskyldu sé sinnt. Skýrsluskil skv. tilmælum þessum tryggja lágmarkseftirlit en koma ekki í staðinn fyrir lögbundna tilkynningaskyldu.

Ekki í gildi